

Samantekt frá 20. þjálfararáðstefnu UEFT á Wembley í London, 23.-26. október 1999

Meginefni ráðstefnunnar var:

“Markviss mótun ungra og efnilegra leikmanna í Evrópu”

Tuttugasta þjálfararáðstefna Samtaka evrópskra knattspyrnuþjálfarafélaga (UEFT) var alfarið helguð yngri flokka þjálfun. Ráðstefnan bar heitið “Markviss mótun ungra og efnilegra leikmanna í Evrópu.” Á ráðstefnunni létu fjölmargir topp-þjálfarar hvaðanæva að úr heiminum til sín taka. Allir aldursflokkar frá 10-21 árs aldri voru í brennidepli þann tvo og hálfan dag sem ráðstefnan stóð yfir, bæði hvað varðaði bóklega og verklega dagskrá. Enska knattspyrnuþjálfarafélagið hafði með stuðningi enska knattspyrnusambandsins ekkert til sparað til þess að fá þekktu fagmenn til Wembley þar sem um 200 þjálfarar frá Evrópu og öðrum aðildarsamböndum FIFA hlýddu spenntir á mál þeirra. Þessir fagmenn voru m.a.

- **Vicente del Bosque**, yfirmaður unglingsþjálfunar hjá Real Madrid á Spáni,
- **Giles Albert**, yfirmaður unglingsþjálfunar hjá Nantes í Frakklandi,
- **Werner Kern**, yfirmaður allra unglingsaliða Bayern München í Þýskalandi,
- **Marcos Falopa**, Brasilíu, tæknistjóri CONCACAF,
- **Vladem Lazaro Ruis Quevedo**, tæknilegur yfirmaður unglingsþjálfunar hjá River Plate í Argentínu,
- **Andreas Morisbak**, tæknistjóri norska knattspyrnusambandsins,
- **Maurizio Seno**, tæknistjóri AC Milan á Ítalíu,
- **Howard Wilkinson**, tæknistjóri enska knattspyrnusambandsins
- **Ray Clemence**, markmannsþjálfari enska knattspyrnusambandsins.

Þessir menn sýndu, bæði í orði og verki að þjálfun ungra og efnilegra leikmanna er til fyrirmyndar, a.m.k. meðal þekktari knattspyrnuþjóða í Evrópu.

Verklegi þátturinn aldrei meiri

Verklegi þátturinn hefur aldrei fengið meira rými á ráðstefnum UEFT en á Wembley. Ánægjulegt var að sjá að æfingarnar voru mjög góðar og leikmennirnir sem tóku þátt í þeim voru mjög góðir en þeir voru frá unglingsaliðum úrvalsdeildarliða í London.

Þá var einnig áhugavert að sjá æfingar þeirra **Thomas Niedorf** (fyrirverandi yfirmanns unglingsþjálfunar hjá Dynamo Berlín), **Martin Clarke** frá “Coerver-Coaching” og **Dr. Thomas Fleck** frá bandaríska knattspyrnusambandinu.

Þjálfarar fögnuðu því að fá næg tækifæri í umræðu- og vinnuhópum til þess að taka sjálfir virkan þátt í ráðstefnunni, kafa dýpra í einstaka þætti og koma með innlegg í umræðuna.

Í heild má segja að tuttugasta ráðstefna UEFT hafi verið mjög vel heppnuð. “Wembley Hilton-hóтелиð í London, Wembley leikvangurinn, enska

knattspyrnusambandið og enska knattspyrnuþjálfarafélagið,” – þessi nöfn ein tryggja gæði. Það var ekki að ástæðulausu að enska knattspyrnuþjálfarafélagið, sem í eru um 12.000 félagar, hafði látið prenta “Center of Excellence” og “Serving Football Coaches” á einkennisfána sinn. Howard Wilkinson og Robin M. Russel, aðstoðarmaður hans, undirbjuggu og skipulögðu ráðstefnuna og dvöl gesta svo vel að ráðstefnur UEFT í framtíðinni hljóta að taka mið af því. Loks er þess að geta að óaðfinnanleg tækni (hlustunar- og sýningarbúnaður) og góð þýðing erinda átti sinn þátt í því að gera ráðstefnuna eins vel úr garði og raun bar vitni.

Á Wembley voru saman komnir landsliðsþjálfarar Englands, Skotlands, Úkraínu og Slóvakíu auk fjölmargra þjálfara sem starfa við grunnþjálfun barna og unglinga. Þessir þjálfarar kynntu það og sýndu með dæmum hversu faglega fræg félagslið skipuleggja unglingaþjálfun sína og mótun ungra og efnilegra leikmanna. Allir viðstaddir gátu lært af þessum þjálfurum og það er einmitt meginmarkmið UEFT-ráðstefnanna að þjálfarar fari heim með aukna þekkingu og læri hver af öðrum.

Þó að mikilvægt sé að bjóða upp á góða og faglega dagskrá með áhugaverðum erindum og æfingum, leggur UEFT ekki síður mikla áherslu á persónuleg kynni manna í milli. Spjall og samtöl á milli dagskráratriða og í “þriðja hálfleiknum” að kvöldi eru ómissandi þáttur í vel heppnuðum þjálfararáðstefnum. Alþjóðlegar ráðstefnur á borð við þær sem UEFT stendur fyrir snúast einnig um að skiptast á skoðunum og hugmyndum og segja frá eigin reynslu um þjálfarastarfið. Það frjóvgar starfið og á sinn þátt í þróun knattspyrnunnar. Afmælisráðstefna UEFT í London hafði allt þetta til að bera. Það kom einnig berlega í ljós á þessari ráðstefnu að í 20 ára sögu UEFT hafa skapast nán vinabönd og tengsl sem nýtast knattspyrnunni, íþróttinni sem við unnum svo mjög. Það er einnig markmið UEFT, sem 35 aðildarþjóðir mynda, að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess knattspyrna verði áhugaverð til frambúðar og haldi sínum sessi sem vinsælasta íþróttagrein í heimi.

Þjálfarar eru stjórnendur

Það er orðið þó nokkuð síðan að Sepp Blatter, forseti FIFA sagði að knattspyrnuþjálfarar væru hinir sönnu hugmyndafræðingar knattspyrnunnar. Það er rétt að þjálfarar eru stjórnendur knattspyrnunnar og þeir móta að miklu leyti ímynd knattspyrnunnar opinberlega. Þjálfarar bera ábyrgð á liðum sínum og einstökum leikmönnum, sem og þeirri taktík sem liðin leika. Þetta sýnir greinilega að staða þjálfarans í bakgrunninum er sterk. Og sú staða verður áfram sterk, a.m.k. á meðan lið hans er ekki sífellt að tapa en þjálfarinn verður einnig að taka á sig ábyrgð af því.

Á ráðstefnu UEFT á Wembley kom fljótt í ljós að hinir ensku vinir okkar þekkja vel leyndardóma velgengni í knattspyrnu en þeir byggjast öðru fremur á fjórum meginþáttum:

- **skemmtilegum sóknarleik**
- **góðum varnarleik**
- **sköpunargleði**
- **áhuga**

Þátttakendur á ráðstefnunni fundu vel fyrir þessum þáttum á Wembley því það sem hinir ensku gestgjafar buðu upp á var m.a.:

- skemmtilegur fyrirlestrarsalur, frábær tækni og mjög hæfir túlkar
- góðar aðstæður fyrir þátttakendur
- hugmyndarík dagskrá, bæði bókleg og verkleg
- áhugaverð umgjörð sem bar vott um áhuga fyrir starfinu og sá áhugi smitaði út frá sér til allra þjálfara á ráðstefnunni

Adidas er ómissandi

Í 20 ár hefur fyrirtækið adidas verið samstarfsaðili UEFT. Á því var engin breyting á Wembley. Juan Contreras, fulltrúi fyrirtækisins, sýndi ráðstefnugestum margar áhugaverðar nýjungar frá adidas í skóbúnaði fyrir yngri leikmenn og atvinnumenn. Hlutu þær mjög góðar viðtökur þjálfaranna.

Dynjandi lófatak í lokin

Allir ráðstefnugestir stóðu upp í lokin og klöppuðu fyrir mjög vel heppnaðri ráðstefnu. Þar á meðal voru þjálfarar frá flestum Evrópulöndum, auk nokkurra landa Asíu, Afríku, S-Ameríku og N-Ameríku. Þeir fóru ánægðir heim með nýjar hugmyndir og endurnýjaðan kraft og vilja koma aftur á næsta ári.

Þakkir til UEFA og FIFA

Að lokum þakkaði UEFT, UEFA og FIFA þann ómetanlega stuðning sem þessi samtök hafa sýnt í verki undanfarin 20 ár. Þau, ásamt adidas, hafa fyrir löngu séð að grunnþjálfun knattspyrnumanna er geysilega mikilvæg svo að uppsprettur ungra leikmanna fyrir atvinnumennsku þorni ekki upp.